

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Syðri- og Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2022/9



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Ytri-Varðgjá, mynd tekinn í suð-vestur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2022/9

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	3
SAMANTEKT.....	7
HEIMILDASKRÁ.....	8

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn um að annast fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Syðri- og Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit. Afmarkað svæði er um 19,7 ha og er fyrir neðan Veigastaðaveg. Á Ytri-Varðgjá afmarkast svæðið af gömlum túnum en á Syðri-Varðgjá af gömlum túnum og svo skógarreit fyrir neðan túnin og nær langleiðina að Eyjafjarðarbraut eystri. Fyrirhugað er að byggja hótél um 100 m sunnan við Skógarböðin sem verður staðsett inn í skógarreitnum rétt ofan fjöruborðsins. Svæðið hefur verið nýtt sem útivistarsvæði og eru stígar um skóginn sem að hluta eru innan deiliskipulagssvæðisins.¹

Áður hafði farið fram fornleifaskráning á svæðinu árið 1994 en sú skráning þarfnæðist uppfærslu miðað við núverandi skráningarstaðla. Vettvangsathugun fór fram í lok nóvember 2022.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.² Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.³

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngrípír eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

¹ Ómar Ívarsson, 2022

² Heimasíða Minjastofnunnar.

³ Heimasíða Minjastofnunnar.

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁴

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁵

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁶

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnist engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁷

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁸

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. á map.is, örnefnaskrár og niðurrhalsgögn frá Landmælingum Íslands. Upplýsingar úr fornleifaskráningunni frá 1994 ásamt upplýsingum hjá heimamanni. Þegar búið var að fara yfir allar þessar upplýsingar var svo vettvangsvinna þar sem gengið var skipulega um svæðið. Kortavinna var unnin í Microstation v8i með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2020.

4. Fornleifaskrá

Syðri-Varðgjá:

Fornleifanúmer: 2848-01

Hnit: A544013.7 N575023.1 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Samkvæmt fornleifaskráningu frá 1994 þá var aðeins ein tóft skráð innan svæðisins, og var hún sögð í hættu vegna trjáræktar. Gps hnitin voru mjög ónákvæm á þessum tíma og voru skekkjumörkin gefin upp sem 51 m.⁹ Sú staðsetning var á göngustíg umkringd háum trjám, ekki fannst nein tóft þar eða í næsta nágrenni. Þegar skoðuð er loftmynd frá 1998 þá er ólíklegt að eitthvað hefði fundist á svæðinu nema að það hefði verið á göngustígnum en skógarreiturinn er nokkuð þéttur á þessu svæði. Það fannst hins vegar tóft um 45 suð-vestan við þá staðsetningu sem gefin var upp í gömlu skráningunni sem er innan skekkjumarkanna. Tóftin er þar sem brekkan og skógarjaðarinn endar og flatlendi tekur við að sjónum. Hún er um 250 m vestur af bílskúrnum á lóðinni Syðri-Varðgjá lóð 3.¹⁰

Umhverfis hana eru há tré sem eru farinn að teygja sig lítillaga yfir hana. Virðist hún frekar vera niðurgrafin neðst í brekkuna það er þó veggjastúfur sem teygir sig aðeins lengra í vestur en brekkan í suður hluta tóftarinnar. Stærðin á henni er um 9X7 m og skiptist hún í tvö hólfi með útganga í vestur. Hæð niðurgrافتar er um 0,4-0,6 m og virðist hólfið norðan megin standa aðeins hærra í landslaginu en syðra hólfið. Fyrir austan tóftina er svo nokkuð slétt flöt umkringd háum trjám. Samkvæmt örnefnavefsjá Landmælinga Ísland þá er þetta sami staður og svokallaður Nautahvammur er á.¹¹ Í örnefnaskrá segir: „Upp frá Lækjarósi lágu götur, sem

⁷ Heimasíða Alþingis.

⁸ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁹ Orri og Adolf, 1994, bls. 74.

¹⁰ Vefsíða landeigna.

¹¹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

héttu Leiruvegur, fram hjá Nautahvammi, en hann er hvílt inn í Bakkana ofan við Malareyri. Fékk hvammurinn nafn sitt af því, að meðan Þingeyingar ráku nautpening til slátrunar á Akureyri, gáfust stundum upp hjá þeim, eða rákust ekki yfir Leiruna, nokkrar skepnanna. Var þeim þá lógað í Nautahvammi.¹² Samkvæmt heimildarmanni þá var búfénaður rekinn um þetta svæði.¹³



Mynd 1. Tóft í Nautahvammi, mynd er tekinn í austur.

Fornleifanúmer: 2848-02

Hnit: A544063.0 N574871.1 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild:

Í örnefnaskrá segir: „Meðan alfaraleiðin lá yfir Leiruna, var farið eftir beinni stefnu frá Grásteini og látið horfa á kirkjuna á Akureyri, sem þá stóð suður í Fjöru, þar sem nú er húsið Kirkjuhvoll. Með flóði var þessi leið eiginlega „sjóleið“, því að varla var stigið á þurrt milli Lækja og Krókeyrar vestan fjarðar. Upp frá Lækjarósi lágu götur, sem hétu Leiruvegur, fram hjá Nautahvammi, en hann er hvílt inn í Bakkana ofan við Malareyri.”¹⁴ Grásteinn er um 10 m norðan við tóftina nr. 2848-01 og liggur þar núna göngustígur upp í gegnum skógarreitinn. Gps hnit var tekið skammt neðan við Grástein í beinni stefnu við húsið Kirkjuhvoll sem er Minjasafnið á Akureyri.¹⁵

¹² Örnefnaskrá, Jóhannes Óli Sæmundsson, bls. 4.

¹³ Sveinn Egilsson, munnleg heimild.

¹⁴ Örnefnaskrá, Jóhannes Óli Sæmundsson, bls. 4.

¹⁵ Heimasíða Minjasafnsins á akureyri.

Ytri-Varðgjá:

Í fornleifaskráningunni frá 1994 var enginn af þeim minjastöðum innan eða nærri framkvæmdasvæðinu á Ytri-Varðgjá,¹⁶ engar heimildir bentu heldur til þess né fannst nokkuð við vettvangsskráningu.

¹⁶ Orri og Adolf, 1994, bls. 74-76.



- - - Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- - - Fornleifar
- Heimildir um fornleifar

nafn: YTRI- OG SYÐRI-VARÐGJÁ	teikn. 04.12.2022 hj	Skýringar: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan deiliskipulags á Ytri- og Syðri-Varðgjá	 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
EYJAFJARÐARSVEIT	mælikv. 1:5000 í A4	Unnið eftir mynd nr. e575 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2020	

5. Samantekt

Aðeins fundust tveir minjastaðir innan deiliskipulagssvæðisins annar sem heimild um leið, hinn staðurinn tóft sem líklega er sú sama og nefnd var í fornleifaskráningunni frá 1994. Aðrir þekktir minjastaðir virðast flestir hafa verið fyrir ofan veg þar sem bæjarstæði jarðanna eru. Það voru ekki miklar líkur á að finna mikið af minjum innan afmarkaðs svæðið þar sem það er í gömlum túnnum og í skógarreitnum þar sem erfitt er að fara um nema í þar til gerðum göngustígum. Ekki virðast heimildir benda til um mikið af minjum á þessu svæði. Mikilvægt er þó að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar finnist þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 8. desember 2022.
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjasafnsins á Akureyri. Sótt af <https://www.minjasafnid.is/is/minjasafnid>. Skoðað 07.12.2022

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Þjóðskrá, vefsja landeigna. Þjóðskrá. Sótt af <https://geo.skra.is/landeignaskra/>. Skoðað 07.12.2022.

Landmælingar Íslands – Örnefnasja. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 07.12.2022

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1994). Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár. Minjasafnið á Akureyri.

Ómar Ívarsson. (2022). Eyjafjarðarsveit, Ytri- og Syðri-Varðgjá Hótel Gjá – deiliskipulag (í vinnslu).

Örnefnaskrár:

Jóhannes Óli Sæmundsson. Örnefni í Öngulsstaðahreppi, Varðgjá og Austurhlíð.

Heimildarmaður:

Sveinn Egilsson, 1958, Brekkulæk, Eyjafjarðarsveit.